



Fornleifaskráning í landi Steina í Rangárþingi eystra vegna deiliskipulags



Bjarni F. Einarsson
2023

Forsíðumyndin sýnir garð á miðri mynd. (Fornleifar nr. 46:1. Horft mót NV. Ljósmynd. SN 2023).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir landeigendur Steina
Október 2023



Mynd 1. Skipulagssvæðið við Steina. Ath. fláan sem gengur niður skipulagssvæðið, það er ekki innan rannsóknarsvæðisins. (Mynd: Teikna, teiknistofa arkitekta).

Inngangur

Að beiðni landeigenda Steina í Rangárþingi eystra kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á deiliskipulagsreit í landareigninni. Svæðið er sýnt á mynd 1.

Farið var lauslega í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrár.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 30. septembser síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 2) með staðsetningu fornleifa.

Engin fornleifaskráning hefur verið gerð á svæðinu, í þó hafa fáeinar verið gerðar í sveitarfélaginu austan Markarfljóts. Fulltrúi verkkaupa var Jóhann Einar Jónsson arkitekt á Teikna, teiknistofu arkitekta.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má



Mynd 2. Loftmynd með staðsetningu fornleifa. Neðan við svæðið voru fleiri garðar, sem ekki voru skráðir. (Loftm. Teikna, teiknistofa arkitekta).

engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru þrjár fornleifar/minjar undir þrem aðalnúmerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Engin minjanna taldist hafa hátt minja- og varðveislugildi, allar höfðu lítið minja- og varðveislugildi.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Astand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
45	Garður	1	Skipulag	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
46	Garður	1	Skipulag	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
Samtals:		2				Meðalt.	4	4		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar í landi Steina. Hér er lagt mat á hættuna vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum er vísað í sjálfa fornleifaskrána.

Allar minjar sem eru á sjálfum deiliskipulagsreitnum eru taldar í mikilli hættu verði farið í framkvæmdir.

Túnakort og örnefnaskrá gáfu ekki tilefni til að ætla að fornleifar væru í hættu vegna deiliskipulagsins, en.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum og vegum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Báðar voru í lægsta flokki og teljast vera í talsverðri hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda á deiliskipulagsreitnum.

Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Breyting á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032. Nýtt deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis á Steinum undir Eyjafjöllum. Skipulagslýsing apríl 2023. Teikna, teiknistofa arkitekta. Steinar Resort ehf. Reykjavík 2023.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is Minjavefsjá.

Örnefnaskrá. Steinar. Þórður Tómasson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Rangárþing eystra Nr. 45:1 - 46:1.

Fornleifaskrá

1

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Rangárvallasýsla	Eyjafljallahreppur	Rangárþing eystra		45
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Steinar			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	30.9.2023	A 464896,7. N 337186,1	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Stein 23	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Skipulag	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	4	Lítið	4
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í mýri sunnan við þjóðveginn.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Úr torfi, um 1 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár.
Þráðbeinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Svavar Nielsson

Filma nr./teg. myndar

Galaxy Samsung

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

2

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Rangárvallasýsla	Eyjafljallahreppur	Rangárþing eystra		46
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Steinar			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	30.9.2023	A 464750,1. N 336995,6	Ísn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Stein 23	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Ágætt	-1550
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Skipulag	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	4	Lítið	4
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í mýri sunnan við þjóðveginn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Garður.

Úr torfi, um 1 - 1,3 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár.
Þráðbeinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Svavar Nielsson

Galaxy Samsung

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.